

Mosfellsbæ 23.08.2022

Til bæjarráðs Mosfellsbæjar.
Formaður bæjarráðs, Halla Karen Kristjánsdóttir.

Afrit til: Forseti bæjarstjórnar Mosfellsbæjar, Anna Sigríður Guðnadóttir.
Formaður fjölskyldunefndar Mosfellsbæjar Ólafur Ingi Óskarsson

Mikil umræða hefur átt sér stað í samfélaginu um hækkun fasteignamats íbúðarhúsnæðis og hvaða afleiðingar hún hefur á fasteignagjöld íbúðareigenda. Þessi umræða hefur leitt huga okkar í stjórn FaMos, Félags aldraðra í Mosfellsbæ, að stöðu eldri borgara hér í Mosfellsbæ hvað þetta vaðar.

Í stefnu Mosfellsbæjar um málefni aldraðra kemur m.a.fram að “Eldra fólki er gert kleift að búa við öryggi og sem lengst í heimahúsi ...” Svipuð ákvæði eru í lögum um málefni aldraðra.

Margir aldraðir búa í eigin húsnæði og vilja gera það sem lengst. Heimþjónusta miðað við þarfir og kostnaður við rekstur húsnæðis miðað við getu er lykillinn að því að svo megi verða fyrir marga. Þar hefur upphæð fasteignagjalda sitt að segja.

Með vísan í það sem hér að ofan segir hvetur FaMos Mosfellsbæ til þess að hafa þessa þætti í huga við ákvörðun um álagningaprósentu fasteignagjalda íbúðarhúsnæðis fyrir árið 2023.

Hvað varðar afslátt tekjulágra “elli- og örorkulífeyrisþega” af fasteignagjöldum, þá verði viðmiðunarupphæðir tekjumarka stór hækkaðar og þannig gert betur við þennan hóp hér í Mosfellsbæ en annarstaðar á höfuðborgarsvæðinu.

Með von um að þessari málaleitan okkar verði vel tekið,

Jónas Sigurðsson Formaður FaMos.